



Fundargerð hverfisráðs Reykjavíkur 09.12.2019

María Svanþrúður setti fund kl 20.17 í Heiðarbæ og bauð velkomin til fundar þau Hilmar Kára, Guðrúnu Sædísí og Sif. María stýrði fundi og ritáði fundargerð.

1. Snjómokstur í Reykiahverfi og útboð hans.

Fyrir fundi liggja útboðsgögn snjómoksturs í Reykjavík verfi sem Verkís hefur unnið fyrir sveitarfélagið. Fundarmönnum er verulega misboðið ef það er staðreynd að snjómokstur eigi virkilega eingöngu að miðast við sorphirðu tvisvar í mánuði. Þykja þetta afar döpur skilaboð til íbúa dreifbýlis Norðurbings, að sorpið sé ofar á forgangslista þess en öll önnur samfélagsþjónusta og atvinnulíf. Einnig þykir einkennilegt að snjómokstur sé ekki þá almennt boðinn út í dreifbýli sveitarfélagsins, sem og þéttbýli, heldur sé aðeins einn hluti þess dreginn út. Jafnframt þykja útboðsgögnin vera á köflum samhengislaust unnin og er þess óskað að bau verði dregin til baka begar í stað.

Talsverð umræða hefur átt sér stað meðal íbúa í Reykjahverfi vegna þess og boðað þjónustustig hefur vakið athygli víðar í samfélagini.

Þykir hér tilefni til að minna á eitt af grundvallaratriðum samstarfssamnings þegar gengið var til sameiningar sveitarfélaganna Reykjahrepps og Húsavíkur árið 2002 en þá var lofað óbreyttu þjónustustigi gagnvart gatna- og umferðamálum svo eitthvað sé nefnt. Þegar sameining átti sér stað var það á grunni þess að um eitt atvinnu- og þjónustusvæði yrði að ræða til framtíðar.

Hverfisráð gerir hér tillögur að fyrirkomulagi snjómoksturs í Reykjavíkþverfi.

- Miðað verði við snjómokstur að jafnaði 2var í viku og oftar ef nauðsynlegt er.
 - Rudd verði öll breidd vegar eins og kostur er og tryggt að fært sé frá þjóðvegi að tilgreindum bæjum og heimilum.
 - Rutt sé heim að bílastæðum og mjólkurhúsum þannig að unnt sé að athafna sig með ökutæki. Ábúendur greiða sjálfir kostnað vegna snjómoksturs á heimaplönum, bæjarhlöðum og bílastæðum.
 - Verktakar skilji ekki eftir ruðninga á heimkeyrslum eða afleggjurum, sé þess nokkur kostur.
 - Heimreiðar verði hreinsaðar sem næst yfirborði végar.
 - Hreinsa ber snjó af heimreiðum svo fljótt sem unnt er og ávallt ber verktaka að meta með hlíðsjón af veðri, færð og veðurspá hvenær rétt sé að ráðast í snjómokstur.
 - Verktaki taki tillit til útgefinna sorphirðudaga og reyni að halda svæðum opnum þegar veður leyfir.

Á grunni þessara tillögu leggjum við til að tafarlaust verði áður auglýst útboð dregið til baka, að efnt verði til nýs útboðs sem nái þá til alls sveitarfélagsins og jafnframt á jafnréttisgrundvelli. Taka verður tillit til þess að svæðið er víðfemt og veðurfar og snjóalög eru mjög breytileg innan þess. Lagt er til að gildistími útboða verði frá og með næsta hausti og það sem eftir lifir vetrar verði með óbreyttu fyrirkomulagi og verið hefur, en jafnframt er eðlilegt að leita beirrar hagræðingar sem kostur er.

2. Önnur mál.

Rætt um tímasetningu íbúafundar, sem fundarmenn eru sammála um að þurfi að komast á við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 22:05

Sif Jónsdóttir Guðrún Sæðis Haukard. -
Hilmart Kári Þorisson María Sanþrúður Jónsdóttir